

**Sp.**

## **473. Beiðni um skýrslu**

frá fjármálaráðherra um mat á eignum Iscargó hf., sem Arnarflug hf. hefur fest kaup á.

Frá Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Benedikt Gröndal, Magnúsi H. Magnússyni, Karvel Pálmasoni, Vilmundi Gylfasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Eiði Guðnasyni, Sighvati Björgvinssyni og Kjartani Jóhannssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um mat á eignum Iscargó hf., sem Arnarflug hf. hefur fest kaup á.

Alþingi, 16. mars 1982.

Árni Gunnarsson.  
Magnús H. Magnússon.  
Karl Steinar Guðnason.

Jóhanna Sigurðardóttir.  
Karvel Pálmason.  
Eiður Guðnason.  
Kjartan Jóhannsson.

Benedikt Gröndal.  
Vilmundur Gylfason.  
Sighvatur Björgvinsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

### **Greinargerð.**

Hinn 11. mars 1982 var gengið frá kaupum Arnarflugs hf. á hluta af eignum Iscargó hf. fyrir 29 milljónir króna. Í kaupsamningi, sem undirritaður var með fyrirvara hinn 3. mars 1982, segir svo í 1. gr.: „Seljandi skuldbindur sig að selja og kaupandi að kaupa eftirtalдар eignir seljanda: Electra flugvél, auðkennd TF ISC, nr. 340, ásamt varahlutum skv. sérstöku listu, merkt fylgiskjal 1; 6 húseignir á Reykjavíkflugvelli, sbr. upptalningu á fskj. 2; lyftara, bíl, verkfæri, áhöld, skrifstofuvélar og áhöld og búnað, sbr. upptalningu á fskj. 3.“

Í 2. gr. kaupsamningsins kemur fram, að umsamið kaupverð skuli greitt á þann hátt, að kaupandinn (Arnarflug hf.) yfirtaki skuldir Iscargó hf. við Útvegsbanka Íslands að fjárhæð 24.2 milljónir króna, með peningum 3.8 milljónir króna og með 1 milljón króna í víxlum. Í þessum kaupsamningi er ekki sundurgreint hvað skuli greiða fyrir hvern hluta eignanna.

Það hefur komið fram, að íslenska ríkið á beinna hagsmuna að gæta vegna þessara kaupa. Íslenska ríkið á 20% í Flugleiðum hf., sem aftur eiga 40% í Arnarflugi hf., sem er kaupandi eignanna.

Þá hefur komið fram að ástæða er til að ætla, að kaupverð eignanna sé herra en eiginlegt verðmæti þeirra, og að nauðsynlegt sé að fram fari mat óvilhallra manna á þeim. Þetta kemur m. a. fram í því, að fulltrúi fjármálaráðherra í stjórn Flugleiða hf. samþykkti á stjórnarfundum félagsins, eftir að kaupin höfðu verið ákveðin, að fela fulltrúum Flugleiða hf. í stjórn Arnarflugs hf. að óska eftir því, að fram færi mat óvilhallra manna á þeim eignum, er meiri hluti stjórnar Arnarflugs hf. samþykkti að kaupa af Iscargó hf. Þetta mat hefur ekki farið fram.

Eins og staðið hefur verið að kaupum Arnarflugs hf. á eignum Iscargó hf. eru það greinilegir hagsmunir ríkisins að í ljós komi raunverulegt verðmæti þeirra eigna, sem keyptar hafa verið. Þess vegna er þess beiðst, að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu hið allra fyrsta um mat á eignum þeim, er Arnarflug hf. keypti af Iscargó hf. Einnig er óskað eftir því við fjármálaráðherra, að í skýrslunni komi fram greiðsluþol Arnarflugs hf.